

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 05.03.2021
Tilv. 2021/0206 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 162. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 24. febrúar 2021, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 162. mál.

Neytendastofa óskar eftir því að koma að eftirfarandi athugasemdum.

Athugasemd við 2. gr.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins felur í sér viðbót við ákvæði 6. gr. laganna þar sem fjallað er um góða innheimtuhætti. Samkvæmt gildandi ákvæðum 6. gr. skulu innheimtuaðilar viðhafa góða innheimtuhætti og er nánar tiltekið að óhæfilegur þrýstingur geti talist brjóta í bága við góða innheimtuhætti. Um óhæfilegan þrýsting er að öðru leyti ekki fjallað í lögnum.

Með fyrri málsgrein 2. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstaklega verði tiltekið að það teljist andstætt góðum innheimtuháttum að krefjast hærri innheimtukostnaðar en heimilt sé samkvæmt gildandi lögum. Neytendastofa telur ákvæði fela í sér endurtekningu á 12. gr. laganna og reglugerðar settri með stoð í þeim, sem kveður á um hámarksfjárhæðir innheimtukostnaðar. Þá má benda á að úrræði eftirlitsaðila er hið sama, hvort sem um er að ræða brot gegn 7. eða 12. gr. Að mati Neytendastofu er ákvæðið því óþarft og vandséð að hvaða leyti hagsmunir neytenda er betur varðir með ákvæðinu.

Stofnunin vill jafnframt benda á að í umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er til þess vísað að ákvæðið eigi við svo sem vegna neytendaláns. Að öðru leyti er ekki að finna skýringu á því hvers vegna innheimta á grundvelli laganna sem er tilkomin vegna neytendaláns sé sérstaklega tiltekin umfram innheimtu vegna krafna sem til eru komnar af öðrum samningum.

Athugasemd við b. lið 3. gr.

Orðalagi ákvæðisins hefur verið breytt frá því frumvarpið var lagt fram síðast, þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda Neytendastofu um orðalag þess. Stofnunin telur orðalagsbreytinguna til mikilla bóta en þó er það enn afstaða stofnunarinnar að ákvæðið sé óþarft.

Stofnunin vill benda á að hún telur engan vafa vera á því að lög 57/2005, um eftirlit með

viðskiptaháttum og markaðssetningu, taki til hvers kyns viðskiptahátta þ.m.t. innheimtustarfsemi. Það leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að brot á lögum nr. 95/2008 teljist vera óréttmætir viðskiptahættir sem Neytendastofa getur brugðist við. Neytendastofa yrði því að taka til meðferðar og meta í hverju tilviki hvort brot gegn lögum nr. 95/2008 teljist jafnframt brot gegn góðum viðskiptaháttum samkvæmt lögum nr. 57/2005.

Í því samhengi vill Neytendastofa benda á að á grundvelli laga nr. 57/2005 hefur stofnunin tekið ákvarðanir vegna markaðssetningar og viðskiptahátta gagnvart fjármálafyrirtækjum og vegna matvæla og lyfja svo dæmi séu tekin. Þó hefur aldrei komið til álita eða verið talin þörf á að vísa til þess að stofnunin hafi slíkt eftirlit í þeim sérlögum sem um starfsemina eða vörurnar gilda.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Árnadóttir


Matthildur Sveinsdóttir